

Ed. 42. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. til 1. okt. 1965 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 auru verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Frá 1. okt. 1965 og til 31. des. 1966 skal þessi verðuppbót vera 75 auru á hvert kíló, enda greiði fiskkaupendur fiskseljendum á sama tímabili 25 auru verðuppbót umfram gildandi fiskverð samkv. ákvörðunum verðlagsráðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fiskveiðar með línu hafa löngum verið mjög veigamikill þáttur í fiskveiðum þjóðarinnar, og þótt aðrar veiðiaðferðir hafi á síðari tímum þokað þeim nokkuð um set, er enn aflað mjög verulegs hluta af þeim holfiski, sem færður er að landi, með þessu veiðitæki. Meginhluti af veiði einstakra fisktegunda, svo sem ýsu, verður enn aðeins fenginn með þessari aðferð. Tækniframfarir hafa litlar orðið í þessum veiðum og hvergi sambærilegar við þær, sem orðið hafa við ýmsar aðrar veiðar. Þær krefjast mikillar vinnu og eru á ýmsan hátt óaðgengilegri en aðrar veiðar, og nú orðið er aflavonin summa árstíma minni en ef veitt er með öðrum aðferðum, sem minna þarf til að kosta.

Því fer þó mjög fjarri, að tímabært sé að leggja þessa veiðiaðferð niður, og er raunar einnig ólíklegt, að hagkvæmt sé, þegar á allt er litið, að draga úr notkun hennar frá því, sem verið hefur. Ástæður fyrir því eru m. a. þessar:

1. Á allt að 5 mánaða tímabili árlega, frá október til febrúarloka, eru veiðar með línu nálega eina veiðiaðferðin, önnur en veiðar með botnvörpu, sem fært getur holfiskafloka að landi. Aðrar veiðiaðferðir, sem yfirgnæfandi eru notaðar á vetrarvertíð við Suður- og Suðvesturland, eru að miklu háðar því, að um þéttar fiskgöngur sé að ræða fyrir og um hrygingartímann, en duga miður eða ekki á öðrum tímum og við aðrar aðstæður.

2. Veiðar með línu og handfæri eru einu veiðarnar, sem að jafnaði henta verulegum hluta bátaflotans í flestum sjávarbyggðum landsins. Dragnót kemur þar að vísu til greina, en reynslan sagnar, að ekki er fært að stunda þær veiðar með árangri nema mjög takmarkað. Rekstrarmöguleikar bátaflotans og fiskimiðin verða því ekki nýtt eðlilega, nema línu- og handfæraveiðar séu stundaðar, bæði þann árstíma, þegar slíkar veiðar henta einar, og einnig að hæfilegu leyti á vetrarvertíð.
3. Fjöldi frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva í þrem landsfjórðungum á starfsemi sína og afkomu að langmestu leyti undir því komna, að línuveiðar séu stundaðar í engu minna mæli en verið hefur. En það eru einmitt þau atvinnutæki, sem hafa úrslitabýðingu fyrir atvinnulíf í flestum sjávarbyggðum Vestfjarða og Norðurlands árið um kring og einnig Austfjarða, þegar síldveiðum lýkur.
4. Veiðar með línu hafa undanfarin ár gefið um og yfir 100 þús. tonn upp úr sjó, en það svarar til um helmings þess hráefnis, sem frystihúsin þarfnast til framleiðslu þeirra fiskflaka, sem flutt hafa verið út síðustu árin. Útflutningsverðmætið, sem línuveiðarnar hafa staðið undir, má því áætla 500—600 millj. kr. Ef stórlega drægi úr þessum veiðum eða þær legðust að mestu niður, má fullyrða, að það skarð, sem eftir yrði skilið í gjaldeyrisöfluninni, yrði ekki fyllt með annarri veiði, svo að nokkru verulegu næmi, af ástæðum, sem þegar eru greindar.

Að þessu athuguðu verður að álykta, að það væri hið mesta tjón jafnt fyrir þjóðarheildina sem þá, er eiga atvinnu og afkomu undir öruggum rekstri smáútgerðar og fiskvinnslu í sambandi við hana, ef sá samdráttur, sem þegar gerir vart við sig í fiskveiðum með línu, héldi hraðbyri áfram — en á því eru allar horfur, nema sérstakar ráðstafanir komi til af opinberri hálfu.

Með lögum nr. 34 1965 var viðurkennt, að fiskveiðar með línu væru rekstrarlega óhagstæðari en aðrar veiðar, að botnvörupveiðum togara undanskildum, og að nauðsyn bæri til að styrkja þær af opinberu fé. Var sá styrkur þá ákveðinn kr. 0.25 á kg. Reynslan hefur nú sannað það, sem flestir, er til bátaútgerðar þekkja, sáu fyrir, að þessi viðurkenning var ófullnægjandi og fékk ekki hindrað stöðugt minnkandi athafnasemi við þessar veiðar og vaxandi erfiðleika hennar. En síðan lög þessi voru samþykkt, hefur tilkostnaður enn aukizt og gert þessar veiðar óhagstæðari en áður miðað við fiskverð. Má því enn búast við minnkandi línuveiðum á haustvertíð, og er líklegt, að þátttaka í þeim verði hverfandi á komandi vetrarvertíð.

Á hinn bóginn blasir það við, að þjóðarbúið, gjaldeyrisöflunin og ríkissjóður mega engan veginn við því, að þessi báttur í fiskframleiðslunni hverfi eða minnki mjög verulega, og atvinnulíf Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða að nokkru má enn síður við slíkum bústíðum, sem leiða mundu af sér atvinnuleysi og margvíslega erfiðleika í sjávarbyggðunum.

Hér ber Alþingi og ríkisstjórn vafalaust að koma til skialanna og gera tafalausar ráðstafanir til hjálpar, — viðurkenna, að rekstraraðstaða smáútgerðarinnar, sem aðalllega byggir á þeirri veiðiaðferð, sem hér um ræðir, er sízt betri en togaranna, en það hefur raunar lengi verið ljóst. Opinber aðstoð við togarautgerðina svarar nú til u. þ. b. 1 krónu styrks á kg fisks upp úr sjó, og má ætla, að hliðstæð aðstoð við veiðar með línu yrði til verulegrar örvunar þeirri atvinnugrein. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að verðuppbót ríkissjóðs verði hækkuð í 75 auru á kíló með því skilyrði, að fiskkaupendur greiði á móti 25 auru á kíló til viðbótar hinu almenna fiskverði. Ætti það skilyrði að vera réttlæt看legt með hliðsjón af þeim hagnaði, sem fiskkaupendur nyttu vegna tryggari hráefnisöflunar og betri nýtingar framleiðslutækja sinna en ella yrði.